



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

13. fundur stjórnar 2022-2023 fimmtudaginn 30. mars 2023

kl. 12.00 – 13.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Á Teams: Guðný Björk Eydal og Engilbert Sigurðsson.

Forföll: Grétar Þór Eypórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Staðan í kjaraviðræðum.
2. Önnur mál.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.00.

1. Staðan í kjaraviðræðum.

Tilboð ríkisins. Farið yfir stöðu mála.

Formaður fór yfir samningstilboð ríkisins sem kom seint kvöldið áður. Staðan er óbreytt frá síðasta stjórnarfundum. Um er að ræða samning til eins árs frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Tilboðið gildir til kl. 12 þann 14. apríl.

Viðaukinn við samninginn eru verkáætlun. Grunnhugmyndin er að um sé að ræða skammtíma-samning og samið verði um verkáætlun fram að langtímasamningi. Verkáætlunin er á stóra borðinu, hjá BHM og líklega BSRB og KÍ. Verkáætlun háskólastigins er í vinnslu, en snýr að mati á tapi á heildarlaunum akademískra starfsmanna vegna námstíma, námslána og tapi á lífeyrissjóðsgreiðslum.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélagana liggja fyrir í næstu lotu. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast.

Umræður voru um breytingar á stofnanasamningum.

Búið er að óska eftir fundi með SNR um okkar sérmál sem gæti orðið á morgun.

Rætt um félagsfund strax eftir páska til að kynna miðlæga samninginn sem er á borðinu og einnig stofnanasamninginn ef breyting verður á honum.

2. Önnur mál.

Greiðsla stjórnar.

Formaður upplýsti að greiðsla þóknunar til stjórnar frestast fram í apríl vegna anna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.

Fundarritari: LP.